

VÖRUSALA Á 2F JÓKST UM 24,4%

Uppgjör Haga hf. á 2. ársfjórðungi 2022/23

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir annan ársfjórðung 2022/23 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 19. október 2022. Reikningurinn er fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2022. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og er hann gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS). Reikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins, PricewaterhouseCoopers ehf.

Helstu lykiltölur

- **Vörusala 2F** nam 43.399 m.kr. (24,4% vöxtur frá 2F 2021/22). Vörusala 6M nam 81.612 m.kr. (22,0% vöxtur frá 6M 2021/22). [2F 2021/22: 34.885 m.kr., 6M 2021/22: 66.919 m.kr.]
- **Framlegð 2F** nam 8.383 m.kr. (19,3%) og 15.947 m.kr. (19,5%) fyrir 6M. [2F 2021/22: 7.384 m.kr. (21,2%), 6M 2021/22: 14.233 m.kr. (21,3%)]
- **Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) 2F** nam 4.369 m.kr. eða 10,1% af veltu. EBITDA 6M nam 7.037 m.kr. eða 8,6% af veltu. [2F 2021/22: 3.263 m.kr. (9,4%), 6M 2021/22: 5.541 m.kr. (8,3%)]
- **Hagnaður 2F** nam 2.378 m.kr. eða 5,5% af veltu. Hagnaður 6M nam 3.304 m.kr. eða 4,0% af veltu. [2F 2021/22: 1.709 m.kr. (4,9%), 6M 2021/22: 2.436 m.kr. (3,6%)]
- **Grunnhagnaður á hlut 2F** var 2,10 kr. og 2,92 kr. fyrir 6M. [2F 2021/22: 1,48 kr., 6M 2021/22: 2,11 kr.]. **Þynntur hagnaður á hlut 2F** var 2,03 kr. og 2,84 kr. fyrir 6M. [2F 2021/22: 1,47 kr., 6M 2021/22: 2,10 kr.]
- **Eigið fé** nam 26.786 m.kr. í lok tímabils og **eiginfjárlutfall** 38,2%. [Árslok 2021/22: 26.726 m.kr. og 41,0%]
- **Afkomuspá stjórnenda** fyrir rekstrarárið 2022/23 gerir ráð fyrir að EBITDA verði 10.200-10.700 m.kr., án áhrifa vegna viðskipta með Klasa. Áhrif viðskiptanna á EBITDA félagsins eru um 966 m.kr.

Helstu fréttir af starfsemi

- **Mikil veltuaukning (24,4%) á ársfjórðungi** miðað við sama tímabil í fyrra og heildarhagnaður eykst töluvert, einkum vegna áhrifa af viðskiptum við Klasa.
- **Seldum stykkjum í dagvöruverslunum á 2F fjölgar** um 6,2% milli ára og **heimsóknum viðskiptavina fjölgar** um 12,3% í samanburði við fyrra ár. **Seldum eldsneytislífrum á 2F** fækkar um 0,9%.
- **Framlegð í krónum talið eykst** um 13,5% milli ára en **framlegðarhlutfallið lækkar** um 1,9%-stig, einkum vegna hærra heimsmarkaðsverðs olíu samanborið við fyrra ár.
- Hagar leggja allt í sölurnar til að **sporna við hækkandi vöruverði** og þjófna viðskiptavinum vörur og þjónustu á sem **hagkvæmasta verði**. Þannig leggja Hagar sitt af mörkum til að **halda aftur af verðbólgu**.
- Í júní 2022 **undirrituðu Hagar sátt við Samkeppniseftirlitið** vegna kaupa félagsins á nýju hlutafé í Klasa ehf. Viðskiptin komu til framkvæmda í lok 2. ársfjórðungs og nema áhrif hans 966 m.kr. á EBITDA á fjórðungnum.
- **Mjöll-Frigg ehf. var selt úr samstæðunni** í ágúst. Áhrif viðskiptanna á EBITDA voru neikvæð um 84 m.kr.
- Þann 17. október **samþykkti Samkeppniseftirlitið kaup Haga á öllu hlutafé í Eldum rétt ehf.** Gert er ráð fyrir að Hagar taki við rekstri félagsins þann 31. október nk.

Finnur Oddsson, forstjóri:

Rekstur Haga á öðrum fjórðungi rekstrarársins 2022/23 gekk ágætlega. Vörusala jókst um ríflega 24% miðað við sama tímabil á fyrra ári og nam 43,4 ma. kr. Afkoma á fjórðungnum batnaði á milli ára, m.a. vegna einskiptisliða, en EBITDA nam 4,4 ma. kr. og hagnaður 2.378 m.kr. Við erum heilt yfir ánægð með starfsemi félagsins á fyrri helming rekstrarárs, einkum kröftuga tekjuaukningu og að mikilvægum áföngum hafi verið náð sem munu styrkja félagið til framtíðar.

Stríðsátök í austurhluta Evrópu og órói á hráefnis- og orkumörkuðum halda áfram að hafa veruleg áhrif á alla starfsemi félagsins. Hækkanir og sveiflur í verði aðfanga til starfsemi Haga voru því áfram eitt helsta viðfangsefni stjórnenda félagsins, sem hafa lagt sérstaka áherslu á að tryggja vöruúrval en sporna um leið gegn hækkandi vöruverði og verðbólgu með hagkvæmni í innkaupum og rekstri. Hækkandi verð aðfanga skýrir að nokkru leyti tekjuvöxt á milli fjórðunga, en helstu skýringar á bættri afkomu á fjórðungnum eru af tvennum toga. Í fyrsta lagi skilaði Olís töluvert betri afkomu en í fyrra, en þar hefur raungerst ávinningur hagræðingar í rekstri félagsins á síðustu misserum, áhrif fjölgunar erlendra ferðamanna og aukinna umsvifa hjá stórnotendum, einkum í útgerð og ferðapjónustu. Í öðru lagi, þá féll til á fjórðungnum hagnaður vegna sölu á eignum vegna kaupa Haga á 1/3 hlutfjár í Klasa ehf., en áhrif á EBITDA samstæðu eru jákvæð um 966 m.kr. Að lokum, þá hafa nýjar stefnuáherslur og almennar hagræðingaraðgerðir síðustu misseri skilað bata í rekstri þvert á samstæðuna.

Áfram er kröftugur vöxtur í sölu á dagvöru hjá samstæðunni, um 12%, sem er töluvert meiri vöxtur en á fyrsta fjórðungi rekstrarársins. Þessa tekjuaukningu má að hluta rekja til þess að fleiri viðskiptavinir sækja í verslanir Haga, 12% aukning í það heila, og að seldum stykkjum fjölgaði um 6%. Við sjáum það sérstaklega að viðskiptavinum Bónus fjölgar ört, enda hefur þeim sem sækja í hagkvæmasta verslunarkostinn fjölgað jafnt og þétt síðustu mánuði. Tekjuaukningu má svo einnig rekja til hækkandi verðs aðfanga frá heildsölum og framleiðendum sem leiðir til herra vöruverðs í verslunum Haga. Afkoma í dagvörusölu á fjórðungnum var svipuð á milli ára.

Á fjórðungnum voru tekin mikilvæg skref í samræmi við stefnumótandi áherslur Haga síðustu misseri. Þar ber hæst að gengið var frá kaupum á hlutafé í Klasa ehf., en eignarhald og samstarf um félagið hefur það að markmiði að hraða og auka hagkvæmni uppbyggingar á þróunareignum Haga en gera starfsemi Haga um leið hnitmiðaðri. Klasi er eftir viðskiptin eitt öflugasta þróunarfélag landsins en meðal eigna eru þróunarlóðir á höfuðborgarsvæðinu með áætlað byggingarmagn um 280 þúsund fermetra. Í október heimilaði Samkeppniseftirlitið kaup Haga á öllu hlutafé í Eldum rétt ehf. Kaupin eru liður í því hvernig Hagar og dótturfélag munu bregðast við breyttum neysluvenjum og aukinni áherslu á hollar en einfaldar lausnir sem spara tíma og draga úr matarsóun. Fleiri afurðir stafrænnar vegferðar hjá Högum litu dagsins ljós, en ný netverslun Hagkaups með leikföng fór í loftið í vikunni. Vinna við önnur stafræn verkefni gengur vel og miðar að því að tryggja enn betur grunnrekstur upplýsingakerfa þvert á samstæðu Haga en um leið efla þjónustu við viðskiptavini. Vel hefur gengið að uppfæra ásýnd og þjónustuframboð hjá fyrirtækjum Haga síðustu mánuði. Lengri opnunartíma í stærstum hluta verslana Bónus hefur verið afar vel tekið og það sama má segja um uppfært útlit og vöruframboð þjónustustöðva Olís. Þjónustustöðvar hafa verið lagaðar betur að þörfum viðskiptavina með breyttu þjónustuframboði og bættri aðstöðu, en framundan eru frekari umbætur, m.a. með uppbyggingu nets hraðhleðslustöðva í samstarfi við Ísorku. Hjá Hagkaup hefur úrval þægilegra og gómsætra valkosta verið aukið, m.a. með spennandi samstarfi við Sælkerabúðina og íslenska smáframleiðendur og frumkvöðla í matvælagarð.

Heilt yfir erum við sátt við þann árangur sem við náðum á síðasta ársfjórðungi í vægast sagt ögrandi aðstæðum, hækkandi aðfangaverði og almennri óvissu um þróun mikilvægra þátta í okkar rekstri. Okkar stærsta verkefni verður áfram að tryggja framboð á nauðsynjum en gæta um leið að hagkvæmni í allri okkar starfsemi, til að halda aftur af verðhækkunum til neytenda og verðbólgu. Frábært starfsfólk Haga og dótturfélaga er og verður vakið og sofið yfir þessu verkefni og er aukin aðsókn viðskiptavina okkur hvatning til að halda áfram á þeirri braut. Fjárhagsleg staða Haga er traust og félagið vel í stakk búið til að takast á við krefjandi aðstæður og óvissu sem framundan er í íslensku efnahagslífi.

Rekstrarreikningur samstæðunnar

í millj. kr.	2F 2022/23		2F 2021/22		6M 2022/23		6M 2021/22	
	01.06-31.08	01.06-31.08	Breyting	Breyting %	01.03-31.08	01.03-31.08	Breyting	Breyting %
Vörusala	43.399	34.885	8.514	24,4%	81.612	66.919	14.693	22,0%
Kostnaðarverð seldra vara	(35.016)	(27.501)	(7.515)	27,3%	(65.665)	(52.686)	(12.979)	24,6%
Framlegð	8.383	7.384	999	13,5%	15.947	14.233	1.714	12,0%
Framlegð %	19,3%	21,2%	-	-1,9%	19,5%	21,3%	-	-1,7%
Aðrar rekstrartekjur	147	125	22	17,6%	349	229	120	52,4%
Hagnaður af sölu eigna	882	269	613	227,9%	882	349	533	152,7%
Laun og launatengd gjöld	(3.438)	(3.182)	(256)	8,0%	(6.881)	(6.432)	(449)	7,0%
Annar rekstrarkostnaður	(1.605)	(1.333)	(272)	20,4%	(3.260)	(2.838)	(422)	14,9%
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	4.369	3.263	1.106	33,9%	7.037	5.541	1.496	27,0%
EBITDA %	10,1%	9,4%	-	0,7%	8,6%	8,3%	-	0,3%
Afskriftir	(1.099)	(897)	(202)	22,5%	(2.120)	(1.902)	(218)	11,5%
Rekstrarhagnaður (EBIT)	3.270	2.366	904	38,2%	4.917	3.639	1.278	35,1%
Hrein fjármagnsgjöld	(426)	(341)	(85)	24,9%	(970)	(731)	(239)	32,7%
Áhrif hlutdeildarfélaganna	94	90	4	4,4%	138	121	17	14,0%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	2.938	2.115	823	38,9%	4.085	3.029	1.056	34,9%
Tekjuskattur	(560)	(406)	(154)	37,9%	(781)	(593)	(188)	31,7%
Heildarhagnaður	2.378	1.709	669	39,1%	3.304	2.436	868	35,6%
Skipting hagnaðar								
Hlutdeild móðurfélags	2.378	1.709	669	39,1%	3.304	2.426	878	36,2%
Hlutdeild minnihluta	--	--	--	-	--	10	(10)	-
	2.378	1.709	669	39,1%	3.304	2.436	868	35,6%

Lykiltölur á 2. ársfjórðungi

Vörusala á 2F jókst um 24,4% milli ára. Fjöldi seldra stykkja í dagvöruverslunum jókst um 6,2% og heimsóknum viðskiptavina fjölgaði um 12,3%. Eldsneytislítrum hjá Olís á 2F fækkaði um 0,9% milli ára.

Framlegð á 2F í krónum talið jókst um 13,5% milli ára en framlegðarhlutfall lækkaði úr 21,2% í 19,3%, einkum vegna herra heimsmarkaðsverðs olíu samanborið við fyrra ár.

Hagnaður af sölu eigna nam 882 m.kr. á 2F en þar af nam innleystur söluhagnaður eigna í viðskiptum við Klasa, að frádregnum sölukostnaði, samtals 966 m.kr. Sölutap að fjárhæð 84 m.kr. var fært vegna sölu á Mjöll Frigg á tímabilinu. Söluhagnaður eigna á fyrra ári nam 269 m.kr. vegna sölu Útilífs.

Launa- og kostnaðarhlutfall 2F er 11,6% en var 12,9% á fyrra ári.

EBITDA 2F var 4.369 m.kr. í samanburði við 3.263 á fyrra ári. EBITDA-hlutfall var 10,1% en var 9,4% á fyrra ári.

Heildarhagnaður 2F nam 2.378 m.kr. og hækkar um 39,1% á milli ára.

Rekstur á fyrri árshelmingi 2022/23

Vörusala tímabilsins nam 81.612 m.kr., samanborið við 66.919 m.kr. árið áður. Söluaukning milli ára nam 22,0%. Söluaukning verslana og vöruhúsa nam 7,8% og söluaukning hjá Olís nam 52,8%.

Fjöldi seldra stykkja í dagvöruverslunum jókst um 3,9% og heimsóknum viðskiptavina fjölgaði um 11,3%. Magnaukning á fyrri árshelmingi í seldum eldsneytislítrum hjá Olís var 6,8%.

Framlegð samstæðunnar var 15.947 m.kr., samanborið við 14.233 m.kr. árið áður, eða aukning sem nemur 12,0%. Framlegðarhlutfall lækkaði hins vegar og var 19,5% í samanburði við 21,3% á fyrra ári. Framlegð í krónum talið á tímabilinu jókst einkum vegna aukinnar magnsölu eldsneytis til stórnotenda hjá Olís og aukinnar veltu hjá Bónus.

Launakostnaður hækkaði um 7,0% milli ára en launahlutfallið lækkaði úr 9,6% í 8,4% á tímabilinu. Annar rekstrarkostnaður hækkaði um 14,9% milli ára en kostnaðarhlutfallið er nú 4,0% í samanburði við 4,2% árið áður.

Afkoma fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) nam 7.037 m.kr., samanborið við 5.541 m.kr. árið áður. EBITDA-hlutfall var 8,6%, samanborið við 8,3% á fyrra ári. EBITDA verslana og vöruhúsa lækkar um 0,8% milli ára en EBITDA Olís hækkar um 143,9%, m.a. vegna seldra eigna í viðskiptum með Klasa.

Heildarhagnaður tímabilsins nam 3.304 m.kr., sem jafngildir 4,0% af veltu en heildarhagnaður á fyrra ári var 2.436 m.kr. eða 3,6% af veltu.

Efnahagsreikningur samstæðunnar

í millj. kr.	31.08.2022	28.02.2022	Breyting	Breyting %
Eignir				
Fastafjármunir	48.484	45.064	3.420	7,6%
Veltufjármunir	21.597	17.740	3.857	21,7%
Eignir til sölu	--	2.388	(2.388)	-
Eignir samtals	70.081	65.192	4.889	7,5%
Eigið fé og skuldir				
Hlutafé	1.126	1.139	(13)	-1,1%
Annað eigið fé	25.660	25.587	73	0,3%
Eigið fé samtals	26.786	26.726	60	0,2%
Langtímaskuldir	21.543	20.950	593	2,8%
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	2.194	451	1.743	386,5%
Aðrar skammtímaskuldir	19.558	17.065	2.493	14,6%
Skuldir samtals	43.295	38.466	4.829	12,6%
Eigið fé og skuldir samtals	70.081	65.192	4.889	7,5%

Lykiltölur efnahags 31.08.2022

- Heildareignir samstæðunnar í lok tímabils námu 70.081 m.kr. og hækkuðu um 4.889 m.kr. frá árslokum 2021/22.
- Fastafjármunir voru 48.484 m.kr. og hækkuðu um 3.420 m.kr. frá árslokum 2021/22. Þar telur að mestu eignarhlutur Haga í Klasa sem bókfærður er í lok ágúst.
- Veltufjármunir, að meðtöldum eignum til sölu, voru 21.597 m.kr. og hækkuðu um 1.469 m.kr. frá árslokum 2021/22.
- Birgðir í lok ágúst voru 12.419 m.kr. og veltuhraði birgða 10,8. Birgðir hafa hækkað um 2.602 m.kr. frá lokum 2F 2021/22 en hækkun birgða má nær alfarið rekja til hærri eldsneytisbirgða, sem orsakast af mikilli hækkun á eldsneytisverði milli ára og meiri umsvifum. Veltuhraði birgða á fyrra ári var 11,0. Birgðir hafa hækkað um 1.712 m.kr. frá árslokum 2021/22, af sömu ástæðu og rakin er hér á undan.
- Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur hækka um 833 m.kr. á tímabilinu. Innheimtutími viðskiptakrafna er nú 12,0 dagar samanborið við 11,4 daga á fyrra ári.
- Veltufjárhlutfall er 0,99 og lausafjárhlutfall 0,42 í lok fyrri árshelmings. Aðgangur að skammtímafjármögnun í formi lánalína að upphæð 6,2 ma. kr. hjá viðskiptabanka er tryggður.
- Eigið fé í lok tímabilsins var 26.786 m.kr. og eiginfjárhlutfall 38,2%. Arðsemi eigin fjár var 18,6%. Eiginfjárhlutfall við lok síðasta rekstrarárs var 41,0% og arðsemi eigin fjár 15,9%. Félagið átti 7,0 millj. eigin hluti í lok tímabilsins.
- Heildarskuldir samstæðunnar í lok fyrri árshelmings voru 43.295 m.kr. en þar af voru vaxtaberandi skuldir 14.073 m.kr. og leiguskuldir 9.234 m.kr. Nettó vaxtaberandi skuldir, með leiguskuldum, í lok tímabils voru 21.212 m.kr. eða 1,8 x 12 mánaða EBITDA. Nettó vaxtaberandi skuldir, án leiguskulda, voru 1,0 x 12 mánaða EBITDA.

Sjóðstreymisýfirlit samstæðunnar

í millj. kr.	2F 2022/23	2F 2021/22	Breyting	Breyting %	6M 2022/23	6M 2021/22	Breyting	Breyting %
	01.06-31.08	01.06-31.08			01.03-31.08	01.03-31.08		
Handbært fé frá rekstri	2.785	2.050	735	35,9%	4.755	4.557	198	4,3%
Fjárfestingarhreyfingar	(353)	(416)	63	-15,1%	(857)	(854)	(3)	0,4%
Fjármögnunarhreyfingar	(1.550)	(2.014)	464	-23,0%	(2.586)	(3.140)	554	-17,6%
Hækkun á handbæru fé	882	(380)	1.262	-332,1%	1.312	563	749	133,0%
Handbært fé í byrjun tímabils	1.213	1.331	(118)	-8,9%	783	388	395	101,8%
Handbært fé í lok tímabils	2.095	951	1.144	120,3%	2.095	951	1.144	120,3%

Sjóðstreymi á fyrri árshelmingi 2022/23

- Handbært fé frá rekstri á fyrri árshelmingi 2022/23 nam 4.755 m.kr., samanborið við 4.557 m.kr. á fyrra ári.
- Fjárfestingarhreyfingar á fyrri árshelmingi voru 857 m.kr., samanborið við 854 m.kr. á fyrra ári. Fjárfesting í rekstrarfjármunum nam 992 m.kr. á fyrri árshelmingi sem m.a. er vegna opunar nýrrar verslunar Bónus á Norðurtorgi á Akureyri, endurnýjunar verslana Bónus og Hagkaups, ásamt endurnýjun á þjónustustöðvum Olís.
- Fjármögnunarhreyfingar tímabilsins voru 2.586 m.kr., samanborið við 3.140 m.kr. á fyrra ári. Endurkaup eigin bréfa á fyrri árshelmingi námu 1.000 m.kr. og arðgreiðsla í júní 2022 nam 2.265 m.kr.

Staðan og framtíðarhorfur

Segja má að starfsemi samstæðunnar sé komin í eðlilegra horf í samanburði við síðustu tvö rekstrarár, þar sem áhrif COVID-19 heimsfaraldursins hafa farið dvínandi. Ferðalög landsmanna utan hafa aukist og erlendum ferðamönnum á Íslandi hefur fjölgað, sem hefur áhrif á eftirspurn á mörkuðum fyrir dagvöru og eldsneyti. Hnökra gætir þó enn í framleiðslu matvöru og í aðfangakeðjunni, bæði vegna eftirstöðva heimsfaraldursins og stríðsátaka í Úkraínu, sem hefur leitt til hækkunar á verði aðfanga, aukinnar verðbólgu og hærra vaxtastigs. Hagar munu, eftir sem áður, leggja sérstaka áherslu á að sporna við hækkandi vöruverði til neytenda og leggja þannig sitt af mörkum til að halda niðri verðbólgu og tryggja viðskiptavinum vörur og þjónustu á sem hagkvæmasta verði.

Afkomuspá stjórnenda gerir ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) samstæðu Haga fyrir rekstrarárið 2022/23 verði á bilinu 10.200-10.700 m.kr., ef frá eru talin áhrif sem tengjast sölu á eignum til Klasa. Áhrif þeirra viðskipta á EBITDA samstæðunnar eru um 966 m.kr.

Endurskoðuð fjárfestingaráætlun ársins nemur 3,0 ma. kr. Upphafleg fjárfestingaráætlun nam 4,0 ma. kr. en nú er ljóst að fjárfesting í fasteign að Norðlingabraut 2 færist yfir á næsta rekstrarár. Helstu liðir áætlunarinnar eru vegna fjárfestinga í stafrænni þróun og upplýsingatækni, endurnýjun verslana Bónus og Hagkaups ásamt endurnýjun þjónustustöðva Olís.

Fjárhagsleg staða samstæðu Haga hf. er sterk og er félagið vel í stakk búið að takast á við ögrandi aðstæður í íslensku efnahagslífi. Fjármögnun samstæðunnar er að mestu tryggð til langs tíma og er aðgangur tryggður að skammtímafjármögnun í formi lánalína að fjárhæð 4,5 ma. kr. og USD 12,5 millj.

Þann 3. desember 2021 undirrituðu Hagar samning um áskrift að hlutafé í fasteignaþróunarfélaginu Klasa ehf. en líkt og tilkynnt var þann 24. september 2021 undirrituðu Hagar hf., Reginn hf., Klasi ehf. og KLS eignarhaldsfélag ehf. viljayfirlýsingu um frekari uppbyggingu og rekstur fasteignaþróunarfélagsins Klasa ehf. Þann 10. júní 2022 undirrituðu Hagar sátt við Samkeppniseftirlitið vegna kaupanna, með þremur skilyrðum sem Hagar skuldbinda sig til að hlíta. Framlag Haga í viðskiptunum eru fasteignir og lóðir og er metið á 3.912 m.kr. Eignarhlutur Haga í Klasa er 1/3 af útgefnu hlutafé, líkt og eignarhlutur Regins og KLS eignarhaldsfélags. Verðmæti eigna Klasa eftir viðskiptin eru um 14,8 ma. kr. og eiginfjárhlutfall félagsins

79%. Viðskiptin komu til framkvæmda í lok 2. ársfjórðungs, þann 31. ágúst 2022, þegar öllum fyrirvörum hafði verið aflétt. Fjárhagsleg áhrif viðskiptanna koma fram á 2. ársfjórðungi en áhrif af innleystum söluhagnaði, að frádregnum sölukostnaði, á EBITDA samstæðunnar eru 966 m.kr. Bókfærður eignarhlutur Haga í Klasa nemur 3.403 m.kr., að frádregnum óinnleystum söluhagnaði eigna, sem færður er sem eignarhlutur í hlutdeildarfélagi í efnahagsreikningi.

Á tímabilinu var Mjöll Frigg ehf., dótturfélag Olís ehf., selt út úr samstæðunni. Fjárhagsleg áhrif viðskiptanna voru sölutap að fjárhæð 84 m.kr.

Í mars 2022 náðu Hagar samkomulagi við eigendur Eldum rétt ehf. um kaup Haga á öllu hlutafé Eldum rétt. Eldum rétt sérhæfir sig í gerð matarpakka sem viðskiptavinir geta pantað á netinu en í hverri viku geta viðskiptavinir valið á milli nýrra uppskrifta. Eldum rétt var stofnað árið 2013 en stjórnendur og starfsfólk fyrirtækisins hafa skapað sterkt vörumerki á skömmum tíma. Kaupin voru gerð með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins sem samþykkti samrunann þann 17. október 2022. Gert er ráð fyrir að Hagar taki við rekstri félagsins þann 31. október nk.

Hlutafé og hluthafar

- Markaðsvirði Haga í lok tímabilsins nam 76,5 ma. kr. og lokaverð þann 31. ágúst 2022 var 67,5 kr./hlut.
- Skráð hlutafé Haga í lok tímabilsins nam 1.133 m.kr. Félagið átti 7,0 millj. eigin hluti í lok tímabils.
- Þann 1. júní 2022 samþykkti aðalfundur að lækka hlutafé félagsins til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði 21,6 m.kr. Lækkunin kom til framkvæmda þann 23. júní 2022 og lækkaði hlutfé Haga því úr 1.154 m.kr. að nafnverði í 1.133 m.kr. að nafnverði.
- Aðalfundur samþykkti einnig að greiddur yrði arður til hluthafa vegna síðastliðs árs sem nam 2,0 krónum á hlut eða 2.265 m.kr. Arðurinn var greiddur þann 15. júní 2022.
- Stjórn Haga hefur á grundvelli samþykktar aðalfundar frá 1. júní 2022 sett í gang eina endurkaupaáætlun á tímabilinu í þeim tilgangi að lækka útgefið hlutafé félagsins. Endurkaupunum er lokið en fjárhæð þeirra nam 500 m.kr. eða 7,0 millj. hluta. Þá var auk þess ný endurkaupaáætlun sett í gang þann 2. september 2022.
- Hluthafar voru 986 í byrjun rekstrarárs og 1.044 í lok ágúst. 10 stærstu hluthafar félagsins áttu 76,6% eignarhlut í félaginu í lok ágúst.

Rafrænn kynningarfundur fimmtudaginn 20. október 2022

Rafrænn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn fimmtudaginn 20. október kl. 8:30. Fundinum verður varpað í gegnum netið, þar sem Finnur Oddsson, forstjóri, og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, munu kynna rekstur og afkomu félagsins ásamt því að svara fyrirspurnum.

Tekið verður við spurningum sem tengjast uppgjörinu á meðan á útsendingu stendur á netfangið fjarfestakynning@hagar.is og verður þeim svarað eins og kostur er í lok fundar.

Fundinum verður streymt og er skráning á fundinn hér: <https://www.hagar.is/skraning>

Kynningargögn verða aðgengileg á heimasíðu Haga, www.hagar.is, við upphaf fundar.

Fjárhagsdagatal 2022/23

Fjárhagsupplýsingar eru birtar eftir lokun markaða.

Uppgjörstímabil	Vikudagur	Birtingardagur
3F – 1. mars til 30. nóvember	Miðvikudagur	11. janúar 2023
4F – 1. mars til 28. febrúar	Fimmtudagur	27. apríl 2023
Aðalfundur 2023	Fimmtudagur	1. júní 2023

Fréttatilkynning þessi og uppgjörsgögn verða aðgengileg á ensku þann 21. október á <https://www.hagar.is/en/>

Press release and financial statements will be available in English on October 21st at <https://www.hagar.is/en/>

Nánari upplýsingar veita Finnur Oddsson, forstjóri félagsins (fo@hagar.is), og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs (geg@hagar.is), í síma 530-5500 eða tölvupósti.
